



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24020072

Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfi  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

### Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Háaleitis- og Bústaðahverfi

Borgarstjóri hélt opna íbúafundi í 10 hverfum borgarinnar í vor þar sem boðið var upp á opið samtal við íbúana í hverfunum. Farið var yfir hvað væri gott í hverfunum og hvað mætti betur fara. Fundirnir voru haldnir í grunnskólum og samkomustöðum í hjörtum hverfanna. Fundirnir voru vel sóttir og alls staðar voru barnahorn.

Fjöldmargar hugmyndir komu frá borgurunum sem fara sína leið í kerfinu og einhverjar munu komast til framkvæmda. Hjálagt er samantekt íbúafundar borgarstjóra í Háaleitis- og Bústaðahverfis sem send er íbúaráði Háaleitis- og bústaða til upplýsinga, umræðu og umfjöllunar.

Þorsteinn Gunnarsson  
borgarritari

Hjálagt:  
Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Háaleitis- og Bústaðahverfi



Reykjavík

## Samantekt íbúafundar borgarstjóra í Háaleiti og bústöðum 10. febrúar 2024

Borgarstjórinn í Reykjavík hélt opinn íbúafund í Réttarholtsskóla, laugardaginn 10. febrúar 2024, þar sem boðið var upp á samtal íbúa og borgarstjóra. 29 manns sóttu fundinn.

Borgarstjóri opnaði fundinn og kynnti fyrirkomulag. Áhersla væri á þátttöku gesta með annarsvegar umræðu í hópum og hins vegar í formi könnunar á forritinu Menti þar sem hver og einn fundargestur gæti sett inn sínar áherslur og tekið þátt í að mynda orðaský sem birtist á skjá. Í framhaldi af því væri orðið gefið laust og fólk gæti betur útskýrt málið fyrir öllum fundagestum, auk þess sem starfsfólk borgarinnar gæti betur tekið niður ábendingar.

### Hvað er það besta við Háaleiti og bústaði?

Gestir voru spurðir hvað væri það besta í þeirra nærumhverfi.

Mikil ánægja var meðal gesta með útivistarsvæðin, göngustígar eru góðir og hverfið er rólegt og gróið. Þá nefndu gestir kost að hverfið væri miðsvæðis og stutt væri í þjónustu. Gestir voru almennt ánægðir með íþróttastarf í hverfinu og nokkrir nefndu að hverfið væri barnvænt og skólakerfið væri gott.

Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað má bæta í þínu hverfi?

39 responses



### Hvað má bæta í Háaleiti og bústöðum?

Næst voru gestir spurðir hvað mætti bæta í þeirra hverfi.

Mikil áhersla var lögð á umferðamál, þá aðallega umferð um Bústaðarveg þar sem fjölmargir íbúar nefndu umferðaröryggi, að umferð þar væri of mikil og að auðvelda þyrfti gangandi vegfarendum að þvera veginn. Einnig var talað um umferð við Miklubraut og Suðurlandsbraut og að bæta þyrfti aðkomu að Víkingsheimili. Þá var nefnt að viðhald gangstétta væri ábótavant.

Töluvert var einnig rætt um að auka þyrfti þjónustu í hverfinu, nefnt var að gott væri að fá kaffihús, aukna verslun og sundlaug í hverfið.

Að lokum var töluvert áhersla lögð á að bæta skipulag í Skeifunni.

### Orðaský fundargesta:

Mentimeter

Hvað er það besta í þínu nærumhverfi?

47 responses



### Hvað á borgarstjóri að setja í forgang?

Í lok fundar voru gestir spurðir hvaða mál borgarstjóri ætti að setja í forgang.

Flestir voru sammála um að almenningssamgöngur ættu að vera í forgangi. Þá minnstust gestir einnig á að borgarstjóri ætti að setja skólamál í forgang, bæði leikskóla og grunnskóla.

### Einstaka hugmyndir

- Hundagerði
- Frístundarúta
- Leikvöllur Hlíðargerði
- Gróðurbelti meðfram Bústaðavegi
- Hlið á garðinn í miðju Ásgarðs sem liggur að Bústaðarvegi
- Útisvæðin – sumarblóm – grænmeti